



Atvinnu- og Menningarnefnd Grímsnes- og Grafningshrepps

Fundargerð

39. fundur Atvinnu- og Menningarnefndar Grímsnes- og Grafningshrepps var haldinn í félagsheimilinu á Borg þann 8. apríl 2026 klukkan 17:00.

Fundinn sátu:

Anna Katarzyna Wozniczka, formaður, fulltrúi sveitarstjórnar

Bryndís Eðvarðsdóttir, fulltrúi sveitarstjórnar

Porkell Þorkelsson, fulltrúi sveitarstjórnar

Fundargerðin var skrifuð í tölvu og hana ritaði Bryndís Edda Eðvarðsdóttir

1) 17. júní

- a) Svið verður leigt hjá keyrsla.is, verð kr. 50.000,- án vsk. eru á Selfossi. Þeir munu koma með bílinn og sækja. Gætu komið með hann þann 16. júní.
- b) Skemmtiatriði - Hljómsveitin Bíddu frá Hveragerði - Verð kr. 200.000,- fyrir 30 mínútur. Gerum ráð fyrir að þeir komi með búnað. Tíminn er milli 14:30 – 15:30
- c) Tónlistaratriði frá Ásgarðsbörnum - ca. 2 lög. Verð 30.000,-kr samtals, klukkan u.þ.b. 14:00.
- d) Kerhólsskóli tók vel í tillögur að nemandi(endur) hjá þeim haldi hátíðarræðu. Eins tók skólinn vel í að leikskólinn verði með sýningu. Á eftir að útfæra þetta frekar.
- e) Skátarnir verða með í skruðgöngunni og vilji er að vera með grillaða sykurpúða, ef mannskapur fæst í það.
- f) Hallbjörn V. Fríðhólm hefur samþykkt að hafa umsjón með hljóðkerfinu.
- g) Hoppukastali verður sá sami og síðasta ár, frá Skátalandi.
- h) Brunavarnir Árnessýslu eru tilbúin að koma. Þarf að hafa samband við þá þegar nær dregur.
- i) Andlitsmálun - Andlitsmálun Ingunnar, verð er 60.000,- fyrir 2 klukkustundir, plús akstur til og frá Borg.
- j) Eftir að heyra frá Kvenfélaginu varðandi Fjallkonu og kökuhlaðborð, Formanni Lýðheilsu- og æskulýðsnefndar varðandi hvatningarverðlaun og vinnuskólanum varðandi aðstoð frá unglíngum með undirbúning og framkvæmd. Það þarf að kaupa sykurpúða eða biðja eldhúsið um að kaupa það og eins vantar veifur/fána en það er lítið um þá í geymslu í félagsheimilinu.

2) Nefndin þakkar fyrir samstarfið.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið klukkan – 17:50.